



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. október 2023

2310001SA VRB/KÓ
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytinga á lögum um pósthjónustu, 181 mál. (úrbætur á póstmarkaði)

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 22. september sl., vegna frumvarps í máli þingsins, nr. 181, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi, sbr. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Sambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins en telur rétt að taka undir þau sjónarmið er fram koma í umsögn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SHH). Í þeirri umsögn er m.a. áréttað mikilvægi þess að haft sé samráð við sveitarfélög við undirbúning og nánari útfærslu á ákvæðum frumvarpsins. Bendir sambandið á að sjónarmið þessi byggja ekki síst á forsendum er varða skipulag byggðar og útfærslu á þjónustu sveitarfélags við íbúa sína.

Sambandið lýsir sig reiðubúið til þess að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs